

# AFSTADA

FÉLAG FANGA OG ANNARRA ÁHUGAMANNA UM BÆTT FANGELSISMÁL OG BETRUN

---

Alþingi Íslendinga  
B.t. utanríkismálanefndar  
Alþingi v/ Austurvöll  
150 Reykjavík

Akureyri 1. desember 2014

## **Umsögn um þingsályktunartillögu nr. 186 um fullgildingu valfrjálsar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn pyndingum og annarri vanvirðandi meðferð (OPCAT).**

Með erindi frá nefndasviði Alþingis dags. 21. nóvember 2014 var Afstöðu gefinn kostur á að koma að athugasemdum við framangreinda þingsályktunartillögu.

Hinn 5. júní sl. sendi stjórn Afstöðu þingmönnum erindi þar sem m.a. var hvatt til fullgildingar OPCAT með hliðsjón af hvatningu CPT-nefndar Evrópuráðsins, sem getið er um í ítarlegri greinargerð með tillögnum. Á fundi stjórnar Afstöðu með allsherjar- og menntamálanefnd á Litla-Hrauni 15. ágúst sl. var fullgilding OPCAT til umræðu auk þess sem hvatt var til þess að fallið yrði frá fyrirvara Íslands við gr. 37 samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálann). Þá ritaði undirritaður, f.h. stjórnar Afstöðu, utanríkisráðherra erindi dags. 12. september sl. þar fyrirspurnum varðandi þýðingu og birtingu Evrópsku fangelsisreglnanna, sem íslensk stjórnvöld eru aðilar að í gegnum Evrópuráðið, var beint til ráðherrans auk fyrirspurnar varðandi fyrirætlan íslenskra stjórnvalda um fullgildingu OPCAT.

Erindinu til utanríkisráðherra hefur enn ekki verið svarað, en fylgir með umsögn þessari.

Í skýrslu CPT-nefndar Evrópuráðsins, í tilefni af heimsókn nefndarinnar til Íslands árið 2012, eru íslensk stjórnvöld hvött til að fullgilda OPCAT. Í svari innanríkisráðuneytisins kemur fram að fullgilding hafi verið til umræðu hjá íslenskum stjórnvöldum, en þó hafi ekki verið tekin formleg ákvörðun um hvort, og þá hvenær, af því yrði.


Í athugasemdum með drögum að frumvarpi til laga um fullnustu refsinga, sem stjórn Afstöðu kom að umsögn um í september sl., kvað hins vegar við allt annan tón. Segir þar í athugasemdum við XIII. kafla að nefndin, sem falið var að semja frumvarpið, telji núverandi fyrirkomulag viðunandi; „Þannig heimsækir svokölluð CPT nefnd Ísland heim með reglubundnu millibili og gerir athugasemdir við fangelsi landsins [...]“, segir orðrétt í athugasemdunum.

Stjórn Afstöðu taldi sig knúna til að upplýsa Evrópuráðið um þetta misræmi í afstöðu íslenskra stjórnvalda með erindi til deildarstjóra CPT-nefndarinnar dags. 6. júlí sl.. Þegar fram kom þingsályktunartillaga um fullgildingu OPCAT var CPT-nefndin sömuleiðis upplýst um fyrirætlanir íslenskra stjórnvalda með erindi dags. 8. október sl.. Stjórn Afstöðu hefur fengið staðfest að fulltrúar alþjóðlegra stofnana fylgist með ferli málsins á Alþingi. Um leið og stjórn Afstöðu fagnar þingsályktuninni er undirstrikað mikilvægi samningsins og alþjóðlegra skuldbindinga Íslands.

Á síðasta ári var OPCAT fullgiltur af Noregs hálfu, en áður höfðu Svíþjóð og Danmörk fullgilt samninginn. Til staðar eru því góðar fyrirmyndir, fordæmi og reynsla fyrir íslensk stjórnvöld varðandi framkvæmd samningsins, eins og vel er lýst í greinargerð með þingsályktuninni. Eftirlit sem leiðir af samningnum snýr að öllum stofnunum sem vista frelsissvipta, hvort sem um er að ræða geðdeildir, fangelsi eða unglingaheimilí. Ábyrgð stjórnvalda gagnvart þeim sem þau svipta frelsi er enda mikil og nauðsynlegt að tryggt sé með fullnægjandi hætti að því mjög svo íþyngjandi úrræði verði í engu misbeitt, með virku eftirliti í samræmi við alþjóðlega samninga og reglur.

**Stjórn Afstöðu mælir því eindregið með því við utanríkismálanefnd Alþingis að hin valfrjálsa bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um varnir varnir gegn pyndingum og annarri vanvirðandi meðferð (OPCAT) verði fullgild af hálfu Íslands.**

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Afstöðu,

  
Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður

formadur@afstada.is

Hjálagt:

Erindi formanns Afstöðu til utanríkisráðherra, dags. 12. september 2014.

[www.afstada.is](http://www.afstada.is)

Um talsmenn fanga skv. 43.gr. laga nr. 49/2005:

„Fangar geta kosið sér talsmenn til að vinna að málefnum fanga og koma fram fyrir þeirra hönd.“

# AFSTAÐA

## TIL ÁBYRGÐAR

FÉLAG FANGA OG ANNARRA ÁHUÐAMANNA UM BÆTT FANGELSISMÁL OG BETRUN

---

Utanríkisráðuneytið  
Hr. Gunnar Bragi Sveinsson,  
utanríkisráðherra  
Rauðarárstíg 25  
105 Reykjavík

Akureyri, 12. september 2014.

Varðar: íslenska útgáfu af Evrópsku fangelsisreglunum.


Evrópsku fangelsisreglurnar, sem fela í sér lágmarksvernd til handa föngum, voru samþykktar voru af ráðherranefnd Evrópuráðsins 12. febrúar 1987 og í framhaldinu komið á framfæri við aðildarríki Evrópuráðsins með tilmælum ráðherranefndar ráðsins (Recommendation No (87) 3). Með breytingum á reglunum sem tóku gildi 11. janúar 2006 (Recommendation Rec(2006)2) var jafnframt samþykkt ályktun þar sem fram kemur að aðildarríki muni beita sér fyrir að reglurnar verði þýddar og komið á framfæri sem víðast, sérstaklega til þeirra sem starfa innan réttarkerfisins, starfsfólki fangelsa og þeirra sem frelsissviptir eru.

Reglurnar hafa nú verið þýddar á yfir 30 tungumál og birt af Evrópuráðinu. Íslensk stjórnvöld hafa hins vegar ekki látið þýða reglurnar. Því beini ég þeirri fyrirspurn til yðar hvort íslensk stjórnvöld hafi uppi áform um að þýða Evrópsku fangelsisreglurnar og koma þeim á framfæri, í samræmi við tilmæli ráðherranefndarinnar frá árinu 2006?

Þá kemur fram í sömu tilmælum að við gerð Evrópsku fangelsisreglnanna sé sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn pyntingum og vanvirðandi meðferð hafður til hliðsjónar. Í skýrslu vegna komu eftirlitsnefndar Evrópuráðsins (CPT-nefndar) til Íslands árið 2012 var þeim tilmælum komið á framfæri við íslensk stjórnvöld að þau myndu fullgilda OPCAT samning Sameinuðu þjóðanna, sem undirritaður var af hálfu íslenskra stjórnvalda 24. september 2003. Því beini ég jafnframt þeirri fyrirspurn til yðar hvort íslensk stjórnvöld hafi uppi fyrirætlanir um að fullgilda fyrrgreindan samning Sameinuðu þjóðanna?

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar Afstöðu, félags fanga,

  
Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður.

Um talsmenn fanga skv. 43.gr. laga nr. 49/2005:

„Fangar geta kosið sér talsmenn til að vinna að málefnum fanga og koma fram fyrir þeirra hönd“

LITLA-HRAUN

820 EYRARBAKKA

K.T. 580205-1430